

Mál nr. 141/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 16. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 7. júní 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við störf hjá X, þann 5. febrúar 2021, þegar hann féll í tröppum í fjölbýlishúsi sem var í byggingu. Leitaði M á bráðamóttöku þann sama dag. Í bráðamóttökuskrá kemur fram að M hafi verið við vinnu þegar hann datt aftur fyrir sig í steintröppum og lenti með lendarhrygg í steinþrepi. Í tilkynningu X til Vinnueftirlits ríkisins (VER), dags. 18. febrúar 2021, er tildrögum slyssins lýst á þá leið að M hafi verið að setja upp milliþlötur í stigagang. Hann hafi verið með fullt fang af verkfærum og runnið til í miðjum stigagangi með þeim afleiðingum að hann lenti illa með mjóbakið í þrepunum og runnið niður u.þ.b. sjö þrep. Í tilkynningu M til V, dags. 29. mars 2021, er tildrögum slyssins lýst með þeim hætti að M hafi verið að ganga niður um hæð með fangið fullt af verkfærum þegar hann rann í sleipu þrepi, lenti á mjóbakinu og rann niður. Í málskoti M segir að M hafi verið við vinnu á stigagangi og ætlað að ganga niður af ganginum með verkfæri í hönd. Allt í einu hafi hann runnið á sleipu undirlagi og hvorki náð fótfestu, né handfestu, með þeim afleiðingum að hann féll aftur á bak og rann niður stigann. Kveður málskotsaðili að orsök þess að hann hafi fallið í umrætt sinn hafi verið að eitthvað efni/olía hafi lekið á tröppurnar þar sem málskotsaðili rann til og féll. Einnig hafi tröppurnar verið hálar, m.a. vegna slípaðs yfirborðs og ryks sem safnast hafði á tröppunum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hann hlaut. Byggir M m.a. á því að aðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur reglugerðar nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Enn fremur vísar M til þess að X, sem atvinnurekandi, beri ábyrgð á öryggi og aðbúnaði á vinnustað málskotsaðila, þ.e. vinnusvæðinu þar sem slysið varð. Enn fremur telur M að X hafi borið að tilkynna slysið til VER án tafar og að þar sem það hafi ekki verið gert beri X hallann af sönnunarskorti um orsök tjónsins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Byggir V niðurstöðu sína á því að M hafi fyrst orðið óvinnufær vegna slyssins þegar þrjú dagar voru liðnir frá slysinu og að fyrst um sinn hafi ekkert bent til þess að um væri að ræða alvarlegt slys sem myndi valda langvinnu heilsutjóni. Skylda X til að tilkynna vinnuslysið til VER hafi því ekki virkjust fyrr en þann 8. febrúar, þegar M varð fyrst óvinnufær. Telur V að ástæða þess að slysið var ekki rannsakað af VER verði því ekki rakin til þess að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína. Telur félagið að þar af leiðandi beri M sönnunarbyrði um orsök og aðdraganda slyssins. Þá byggir félagið á því að staðhæfingar M um að slysið verði rakið til þess að M hafi runnið til í olíu/hálku verði að teljast ósannaðar. Enn fremur byggir félagið á því að X hafi ekki borið ábyrgð á aðstæðum á vinnusvæðinu, þar sem X hafi verið undirverktaki á vinnusvæðinu og annar verktaki hafi haft umsjón með verkstað.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins slasaðist M við vinnu sína hjá X með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkuð líkamstjón. Slysið var tilkynnt til VER þrettán dögum eftir slysið. Þegar svo langt er um liðið frá tjónsatviki framkvæmir VER ekki úttekt á slysstað. Það fór því engin rannsókn fram af hálfu óvilhallra aðila strax í kjölfar slyssins. Samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi tilkynna án ástæðulausrar tafar um öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Þá segir jafnframt í ákvæðinu að tilkynna skuli til VER innan sólarhrings öll slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni eða þegar starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að X hafi mátt vera ljóst strax eftir slysið að líkur væru á að M hefði orðið fyrir varanlegu líkamstjóni enda verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að M hafi fyrst orðið óvinnufær þremur dögum eftir slysið. Verður því ekki lagt til grundvallar að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til VER skv. 79. gr. 1. nr. 46/1980.

Í málinu liggja ekki fyrir sönnunargögn sem sýna fram á að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegar eða með þeim hætti að augljós slysaætta hafi verið af þeim. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. M á því ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson